

Kynning á niðurstöðum faghópa rammaáætlunar

Steinshús á Nauteyri við Ísafjarðardjúp

31. mars 2010, kl. 14:00-16:45

19 gestir

Fundafrásögn: Kristín Huld Sigurðardóttir og Björg Eva Erlendsdóttir

Eftirfarandi fulltrúar úr verkefnisstjórn sóttu fundinn: Svanfríður Jónasdóttir formaður, Guðni Jóhannesson, Anna G. Sverrisdóttir, Þóra Ellen Þórhallsdóttir, Elín Línadal, Tómas Tómasson starfsmaður verkefnisstjórnar, Björg Eva Erlendsdóttir og Kristín Huld Sigurðardóttir sem skrifuðu fundargerð.

Fundinn sóttu 19 gestir, þeirra á meðal Össur Skarphéðinsson utanríkisrh. og Árný E. Sveinbjarnardóttir. Umræður urðu strax líflegar og kvöddu fundargestir sér hljóðs, jafnvel áður en framsögumenn höfðu lokið máli sínu. Almennt var talsverður virkjana- og framkvæmdahugur á Nauteyri við Ísafjarðardjúp og var vísað til ótryggs raforkukerfis á Vestfjörðum. Góð mæting var frá Orkubúi Vestfjarða og úr næsta nágreppi, en þar er mannfæð. Fundargestir bentu á sérstöðu Vestfjarða og töldu að taka þyrfti tillit til hennar á einhvern hátt í Rammaáætlun – sem ekki er gert.

Svanfríður Jónasdóttir formaður verkefnisstjórnar bauð gesti velkomna og kynnti markmið, sögu og vinnu við rammaáætlun. Formaðurinn nefndi að sú ríkisstjórn sem stofnaði til 2. áfanga vildi að rammaáætlun fengi formlega stöðu með því að sett yrðu lög um niðurstöður 2. áfanga, þannig að réttarstaða hagsmunaðila yrði skýrð.

Guðni Jóhannesson kynnti starf faghópa III (þjóðhagsmál, atvinnulíf og byggðapróun) og IV (orkulindir og virkjanakostir).

Faghópur IV. Guðni tók fram að faghópur IV skoðaði málið út frá hagkvæmni virkjana. Hann nefndi jafnframt að það væri meiri óvissa varðandi hagkvæmni virkjana á háhitasvæðum en vatnsaflsvirkjana. Fram kom í máli Guðna að öll svæði sem hugsanlega kæmi til greina að virkja væru tekin með í matið en nokkur svæði muni strax falla út vegna verndarsjónarmiða. Hann nefndi að árið 2003 hefðu verið sett ný lög varðandi orkumál þegar innleidd var samkeppni á raforkumarkaði. Það gerði örðugra að meta áætlaðan framkvæmda kostnað mismunandi virkjanakosta og ómögulegt að meta kostnað á rekstrartíma eða arðsemi. Hvorutveggja verður á ábyrgð framkvæmdaðila (orkufyrirtækja). Hagkvæmni virkjunarkosta var metinn út frá stofnkostnaði þar sem orkufyrirtæki tilnefndu í hverju tilfelli hagkvæmniflokk sem skilgreindir voru af faghópnum. Einnig var tengikostnaður hvers kosts áætlaður en niðurstaðan varð sú að sá kostnaður nægði í fæstum tilfellum til að færa kosti milli hagkvæmniflokka.

Faghópur III. Viðfangsefni hópsins er að skoða áhrif á samfélagið, þ.e. hvaða breytingavaldar virkjanir eru á samfélagið. Markmiðið væri ekki að kanna hvort virkjanir væru í sjálfu sér „vondar“ eða „góðar“ fyrir samfélagið. Skilgreindir voru fjölmargir matsþættir sem dregnir voru saman í tvær meginbreytur: vinnumarkað og efnahag, annars vegar eftir landshlutum og hinsvegar á landsvísu. Megin niðurstaðan var að áhrifallra virkjunarkosta eru alltaf mest á höfuðborgarsvæðinu/suðvesturhorni landsins. Minni sneiðar af kökunni fer til nærsvæða

virðjunarkosta. Hlutfallslega geta áhrifin þó orðið meira í í nágrenni virðjunarkosta sökum fámennis og lítils vinnumarkaðar.

Faghópur II (ferðapjónusta, útivist, veiðar og beit). **Anna G. Sverrisdóttir** kynnti starf faghópsins og aðferðafræðina sem unnið var eftir. Varðandi ferðamennsiku þá taka þau mið af þeim markhópum sem eru að ferðast í dag og áhugasviðum ferðamannanna. Þau mátu upplifun, 50%, afþreyingarmöguleika 10%, innviði 10% (þeir sem eru til staðar en myndu breytast við virkjun,) notkun (svæði sem eru notuð af ferðamönnum í dag) er 20% af mati og framtíðarmvirði er 10%.

Hópurinn skilgreindi ákveðin ferðasvæði, þar sem ein virkjun getur haft áhrif á eitt eða fleiri svæði. Hópurinn tók einungis fyrir Hvalárvirkjun á Vestfjörðum því upplýsingar skoti um Glámuvirðjun.

Hópurinn mat svæðin með og án virkjana og og reinuðu út svonefndan afleiðingarstuðul sem réð röðun virðjunarkosta þar sem beitt var AHP-þrepagreiningu við lokaröðun.

Anna kvað gögnin hafa verið af skornum skammti. Þau leituðu fanga víða. Faghóparnir voru auk þess sérfræðingahópar þannig að mikil þekking var til staðar innan hópsins. M.a. höfðu þau ekki nægjanlegar upplýsingar um áhrif á fossinn Dynjanda (Fjallfoss), þ.á.m. ekki um breytingar á rennsli fossins eftir árstíðum.

Fundargestur óskaði eftir að fá að vita hvaða upplýsingar vantaði. Anna kvaðst myndu svara síðar.

Kristinn orkubússtjóri kom með ábendingu um að ekki hefði verið leitað til þeirra um gögn um Dynjanda. Orkubúið eigi ljósmyndir af fossinum þar sem vatnsrennsli kemur fram eftir árstíðum.

Anna sagði að hún hefði fengið gögn í heimsókn á Ísafjörð og eins frá ferðapjónustuaðilum. En gögnin hafi ekki verið nógu góð gögn til að fá örugga niðurstöðu.

Indriði spyr varðandi Skúfnavatnavirkjun. Vildi vita hvaða upplýsingar þau höfðu um það svæði.

Anna nefndi að þau hefðu einungis haft gögn til að gera mat á áhrifum á veiði, frá Veiðimálastofnun. Annað ekki metið.

Indriði segir að svæði séu ógróin kringum vötnin. Fyllast af jökulleir. List vel á staðhættina til að virkja.

Faghópur I (náttúru- og menningarminjar). **Þóra Ellen Þórhallsdóttir** kynnti starf faghóps I. Verkefni hópsins var að meta verðmæti náttúru- og menningarminja og raðaði virðjunarkostum út frá hagsmunum náttúru- og menningarminja. Þóra Ellen nefndi að hægt væri að nálgast aðferðafræðina sem stuðst var við á heimasíðu Rammaáætlunar og eins í skýrslunni, sem nú liggur frammi til kynningar.

Fór fáum orðum um ólíkar aðferðafræði, svo sem skilyrt verðmætamat, þ.e. hve mikið fólk sé tilbúið að borga til að halda einhverju í náttúrunni óskertu, og aðferðafræði við páfakjör þar sem menn eru látnir sitja og rökræða þar til þeir komast að niðurstöðu. Í slíkri aðferðafræði er niðurstaðan ekki alltaf ljós og ekki hægt að skýra af hverju sum svæði lentu ofarlega eða neðarlega.

Hópurinn kaus að beita gensærri aðferðafræði sem auðvelt væri að rökstyðja, m.a. til að fulltrúar í faghópnum gætu ekki dregið taum uppáhaldsstaða sinna eða staða sem tengja mætti rannsóknarhagsmunum þeirra. Sérfræðingum innan hópsins var falið að vinna rökstudda einkunn á

sérsviði þeirra. Því næst var öllum meðlimum falið að gefa leynilega einkunn sembyggðist á rökstuðningi sérfæðingana. Meðaltal hópsins réð endanlegu mati á hverjusviðia. Að endingu var beitt AHP-greiningu við röðun kosta.

Í hverju tilfelli gat svæði haft aðeins einn þátt sem er mjög merkilegur en fengi lága einkunn fyrir aðra þætti. Hætta væri á slíkt sérkenni flettist út í meðaleiknunn og því var sérkennum haldið til haga við lokamat. Í mati á mikilvægi staða studdist hópurinn við hvort til væru alþjóðlegir samningar eða staðlar sem beindust að matssvæðum eða hvort stjórnvöld hefðu ákveðið að friðlýsa svæðin vegna mikilvægis þeirra.

Svæðum raðað eftir verðmæti og sérstöku mikilvægi. Síðan raðað eftir áhrifum virkjana á svæðin.

Hvalárvirkjun munu fylgja línulagnir og vegir um lítt snortin svæði og því hækkuðu þau áhrif hennar.

Fyrirspurnir og athugasemdir:

Guðni spurður:

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir: Hvernig er tekið tillit til rekstrarkostnaðar, viðhaldskostnaðar og mismunandi líftíma virkjana þegar hagkvæmni þeirra er metin í rammaáætlun? Svar: Guðni Jóhannesson: Ekki eru til sundurliðaðar upplýsingar, þar sem rekstrarkostnaður er ekki vitaður, hann byggir á legu virkjunar miðað við aðrar virkjanir, sem þá þarf að vita hvar og hvort koma á svæðið.

Sölvi Sólbergsson, starfsmaður Orkubúsins ,skildi ekki alveg hvort niðurstaða hóps III réði niðurstöðu hóps IV, skildi ekki hvernig niðurstaða III hefði áhrif á IV. Guðni svarði að niðurstaða hóps III hefði ekki haft áhrif á vinnu hóps IV. Þeir fluttu ekki virkjanir á milli flokka vegna byggðasjónarmiða.

Kristján orkubússtjóri vildi vita hvort stofnkostnaður sé plain, hvort ekki sé ekki tekið tillit til líftíma í útreikningum? Nei, segir Guðni. Þeir viti að gufuafsvirkjun hafi takmarkaðan líftíma, þegar komið sé fram yfir 30-40 ár skipti stofnkostnaður ekki lengur máli. Það sé óeðlilegt að gera samning um orku til lengri tíma en 40 ára fram í tímann.

Kristján orkubússtjóri þakkar fyrir starf nefndarinnar. Hann er þó óánægður með að Glámuvirkjun komi ekki til mats í faghópum 1 og 2 og „vegna gagnaskorts“. Hann vildi vita hver tók ákvörðun um að Glámuvirkjun yrði ekki metin. Hann vildi fá að vita hvort þeir geti rannsakað áfram á svæði nu eða hvort taka eigi Glámuvirkjun út.

Þóra Ellen nefndi að þau hefðu farið til Ísafjarðar í mars. Þá var ekki farið að skoða hvaða gögn lægju fyrir. Þaðvar ekki fyrr en í ágúst sem lá fyrir hvaða virkjanakostir væru inni í þessum potti. Hún nefndi að þau hefðu haft mismunandi góð gögn fyrir Vestfirði. en töldu sig ekki hafa nógu góð gögn til að meta Glámusvæðið. Til væri skýrsla um hluta gróðurfars. Þau þurftu sjálf að afla frumgagna um suma virkjanakosti. Þau hefðu hugsanlega getað fengið upplýsingar um plöntur og fugla og mögulega um fornleifar. Vinnan strandaði á landslagi. Það voru ýmsir í hópnum sem þekktu svæðið mjög vel. Þau höfðu ekki ljósmyndir af þeim 7 fjörðum þar sem þau hefðu þurft að meta áhrif á landslag. Þau höfðu einfaldlega ekki nógu miklar upplýsingar.

Indriði á Skjaldfönn: Nefndi að hann væri náttúruverndarmaður en mótmælti vargafriðuninni (refur) sem ríkisvaldið stendur fyrir. Hann sagðist hafa dæmi þess að friðun refanna hefði slæm áhrif á fuglalíf.

Sölvi Sólbergsson vildi vita hvort Sólborg Una hafi skráð fornleifar við Hvalá. Ragnar Edvardsson minjavörður Vestfjarða svaraði á þann veg að hún hafi metið fyrirbyggjandi skráningargögn frá Fornleifastofnun Íslands.

Aðalsteinn Óskarsson lýsti því að raforkuöryggi á Vestfjörðum væri mikið áhyggjuefni heimamanna. Gláma og Hvalá yrðu trygging fyrir öryggi núna og í framtíðinni. Tengigjald vegna Hvalár sé hátt. Finnst að aðrir kostir, annars staðar á landinu, séu metnir í topp og ekki tekið tillit til rafmagnsskorts á Vestfjörðum. Það sé slæmt ef skortur á raforku verði til þess að samfélögum hnigni. Ef menn ætla að leysa málið með streng þá geti hlotist mengun af.

Össur Skarphéðinsson nefndi að hann telji eðlilegt að mönnum sé gert kleift að vera sjálfbjarga um rafmagn hér á Vestfjörðum. Þeir hafi hans samúð. Þjóðhagsleg hagkvæmni/tap verður reiknað með inn í loka matið. Löggjafinn muni taka tillit til þess varðandi Vestfirði. Ef Glámuvirkjun kemur til skoðunar þá taldi hann eðlilegt að skoða ýmis afbrigði af henni. Þegar í ljós kemur að ekki séu ekki til gögn er eðlilegt að setja slíka kosti í biðflokk.

Sölvi spurði að ef Dynjandisás væri klippt frá, hvort þá hefði verið hægt að meta Glámu. Svárið var já.

Matthías Lýðsson. Tók upp umræðu um búsetu- og menningarminjar. Hann nefndi að hluti af því samfélagi sem er til staðar í dag að verði slíkar minjar ef ekki fæst virkjað. Hann vildi vita hve stór hluti rafmagnsins sé fluttur inn á svæðið. Hluti af því að búa hér áfram sé að hafa orku á svæðinu. Honum sýnist að vanti rannsóknargögn varðandi virkjunarkosti á Vestfjörðum. Hann taldi merg málsins vera að það vantaði meiri rannsóknir á svæðinu.

Guðni nefndi að umræða um orkuöryggismál hér sé eðlileg. En það sé erfitt fyrir Rammaáætlun að veita það og meta. Þetta er annað dæmi og verið að vinna að því á mörgum vígstöðvum að leysa orkuvandamálin. Vandamálið er að tengingin við Ísafjörð sé dýr. Það þarf tvöfalda Vesturlínu. Það væri hægt að meta á móti hvoru öðru hvort væri betra lína eða virkjun. Það þurfi að komast að betri þjóðhagslegri lausn. Hvalá er dýr virkjun. Afbrigði af Glámuvirkjun gætu komið til greina. Þess vegna mikilvægt að fá leiðbeiningar til orkufyrirtækjanna hér hvað skipti sköpum.

Anna nefndi að raforkuöryggi smál hefðu komið til umræðu í hópnum. En í erindisbréfi því sem við fengum var ekki heimild til að ákveða til hvers átti að nota orku. Hvort það væri til stóriðju eða annars. Nefndarmenn máttu ekki láta slíkt hafa áhrif á sig. Skúfnavatnsvirkjun kæmi ekki nema ef Hvalárvirkjun kæmi. Þau leyfðu sér að sleppa þessum virkjunarkosti vegna tímaskorts.

Svanfríður nefndi að virkjunarkostur Skúfnavatnavirkjunar sé það lítill að virkjunin þurfi ekki að fara í mat í Rammaáætlun. Hópar 3 og 4 höfðu sérstakan áhuga á þessum kosti og tóku hann því með.

Varðandi spurningu Össurar um hvort Gláma fari í bið þá sé svarið já. Gert er ráð fyrir að svæði sem eru lítið rannsökuð fari í bið. Þá er gert ráð fyrir að Rammaáætlun verði tekin upp á 3ja til 4ra ára fresti. Það er gerð krafa um að ferli rammaáætlunar sé gegnsætt og að hægt sé að breyta niðurstöðunum í þinginu. Hún nefndi að það væri rétt sem Matthías bendir á, að á mörgum sviðum

hefði verið betra að hafa meiri rannsóknir. En h8n benti á að við höfum meiri gögn og betri en í fyrsta áfanga.

Matthías nefndi að hann vantaði svar við spurningu um hvort reynt hafi verið að leggja mat á grunnvatnsstöðu. Kom til umræðu að leggja mat á stórfeldan flutning á ferskvatni og stíflugerð á líf í sjó?

Guðbjörg Ásta vildi vita hvernig var tekið tillit til hlutverks lífvera í vistkerfi og áhrif á tengsl á milli vistkerfa. Einnig hvort hægt væri að nálgast gögnin sem liggja að baki mats faghóps 2.

Engilbert kvaðst vera ánægður með fundinum og þessu húsi. Flestir geti fagnað svona áætlun og reynt sé að hafa hana í sem mestri sátt við alla landsmenn. Hann vildi benda ferðaþjónustu á að það að mætti tala um jákvæða hluta vegna virkjana. Ferðafólk sæki í að skoða virkjanir sbr. kynningarstarf Landsvirkjunar og þann fjölda sem þangar sækir. Hann vildi vita hvort tekið sé tillit til þess varðandi áhrif virkjana á ferðaþjónustu. Hvað varði áhrif virkjana á fuglalíf þá hafi refur verri áhrif á fuglalíf en nokkrar virkjanir, allavega hér á Vestfjörðum. Virkjanir og uppistöðulón hafi góð áhrif á fuglalíf.

Skúfnvatnasvæðið mælt fyrir einhverjum áratugum að væri 20 m hæðamunur hvort væri hægt að veita vatni að norðan eða héðan norður. Að línurnar á kortinu þurfi ekki allar að liggja til Reykjavíkur.

Hafðís Sturlaugsdóttir vildi vita af hverju Þverárvirkjun í Steingrímsfirði sé ekki með. Í öðru lagi langar hana til að vita hve langt Vestfirðir eru á eftir í rannsóknnum á lífríki. Hún vill forvitnast um hvort rætt var um affall vegna háhita. Gufa eyðileggi mosa við Hellisheiðiarvirkjun. Vill vita hvort það sé metið. Eins vildi hún vita hver ferillinn væri vegna frumvarpisins sem á að leggja fram á þingi.

Össur vildi vita hvort skilja mætti út frá matinu að hinar umdeildu virkjanir Þjórsá séu meðal ákjósanlegustu virkjanana.

Kristján vildi vita hvort einhver möguleiki sé á að hópar 1 og 2 skoði Glámu frekar áður en endanleg skýrsla verður send inn.

Svör:

Þóra Ellen: Spurt var hvort metið hafi verið áhrif vatnsflutninga á grunnvatn og áhrif út í sjó. Á öllum fundunum hafi verið spurt um áhrif vatnaflutninga á lífríki sjávar. Þetta er einn af þessum stóru óvissuþáttum. Þegar jökulá er stífluð þá situr grugg eftir og með vorflóðum berast efni í sjó, ma. kísill sem er nauðsynlegur fyrir sjávardýr. Það sem menn hafa verið að hugsa um er hvernig vorflóð og kísill hafi áhrif á seiði. Þóra Ellen vísar í grein Jóns Ólafssonar náttúrufræðings í Náttúrufræðingnum. Það sé erfitt að taka á þessu. Jón telur hugsanlegt þegar þessi flóð komi á réttum tíma þá séu þau undirstaða sterkra þorskárganga sem hafa ekki komið lengi. Þetta sé einn óvissuþáttanna. Stóru virkjanirnar hafi mikil umhverfisáhrif bæði í tíma og rúmi. En það sé erfitt að meta þetta og óvissuþættirnir stórir.

Svar til Guðbjargar. Í viðfanginu „lífverur“ sem hafði heldarvægið 20% höfðu undirviðföng eftirtalið vægi: plöntur: 25%; fuglar: 25%; fiskar: 20%; smádyr í vatni: 10%, hitakærar örverur: 20%. Gengu ekki það langt að meta sérstaklega dýr innan þessara flokka sem gætu verið mikilvæg, td. sem fæða. Þau tóku með áhrif loftmengunar á lífríkið.

Hvað varðar virkjanirnar þrjár í neðri Þjórsá. Miðað við aðra virkjanakosti þá lenda þær frekar neðarlega (ákjósanlegri virkjunarkostir). Reyndar eru þar miklar menningarminjar, en miðað við stærri kosti raðast þær frekar neðarlega. Lón eru frekar lítil og ekki hægt að segja að sé mikið í náttúru sem fer forgörðum nema Urriðafossvirkjun hefur mikil áhrif á lax. Hún fékk háa einkunn í fiski.. Þarna verða áhrif á landslag.

Hvort faghópurinn gæti metið Glámuvirksun áður en endanlegri skýrslu verður skilað inn, þá vanti upplýsingar um landslagið. Þau höfðu engar ljósmyndir um svæðið. Ef það á að meta þetta svæði þá þyrfti að fara í gagnaöflun í sumar.

Að Þóra Ellen hafi ekki nefnt ferskvatn. Hún treysti sér ekki til að svara því. Að þau hafi ekki hliðstæðu til að byggja svar á.

Anna nefndi að hægt væri að fá meiri upplýsingar um aðferðafræðina inni á vefnum. Þar séu töflur og rökstuðningur m.a. um veiði. Varðandi sambúð virkjana og ferðamennsku þá sé hún víða góð og áhugi manna á að skoða virkjanir beinist helst að jarðvarmavirkjunum, en það breyti engu varðandi innri röðun á milli virkjanakosta. Þau taki tillit til þess jákvæða sem þau vita að virkjunaraðilar ætli að gera, eins og að leggja stíg fyrir hesta við Þjórsá. En þau lesi ekki almennt í virkjanir.

Guðni svaraði því hvort hægt væri að virkja flóð. Þegar byggja á miðlun þá er verið að virkja flóð. Þjórsá kemur vel út í hagkvæmni. Streymi í Þjórsá hentugt til raforku þannig að frá faghópi 4 skora þær virkjanir hátt í hagkvæmni. Hvort það gætu komið sjávarfallavirkjanir, vindorka etc. Afleining er dýrari og í hinum virkjununum, en náttúran er þannig að sjávarfallastraumar falla niður og því er það bara hluti tímans sem nýtast til framleiðslu á sjávarfallavirkjunum og vindafli. Vatnsaflsvirkjun er því betri.

Gunnar Magnússon nefndi að nýtingaheimild orkufyrirtækja í virkjanakostum vanti í matið. Hvort þau hafi leyfi landeigenda.

Sölvi vildi vita hvort þeir kostir sem eru yfir 10 megavött fari í gegnum nýja rammaáætlun.

Indriði nefndi að það liggi fyrir vatnsmælingar í þverár sem koma úr Skúfnavatni undanfarna ½ öld.

Guðni nefndi að varðandi rétt til nýtingar þá hafi verið horft fram hjá lögfræðilegum atriðum. Það sé fullt af öðrum skilyrðum sem þarf að uppfylla, svo sem umhverfismat og samning við landeigendur.

Þóra Ellen nefndi að Hornstrandir séu friðland. Sem grasfræðingur nefndi hún að svæðið bjóði upp á mikið tækifæri til að skoða líffræðilega fjölbreytni.

Svanfríður þakkaði fundargestum fyrir góða þátttöku og uppbyggilegar spurningar og athugasemdir. Hún minnr á að niðurstöður eru í umsagnarferli og benti á að hægt væri að senda línu til verkefnisstjórnar ef þau vilja koma

Fundi slitið 16:45.